



# Starfsreglur tilnefningarnefndar

---

Nóvemberr 2024

## Starfsreglur tilnefningarnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

---

28. nóvember 2024

2407053LA

Málalýkill: 00.33

### 1. Skipun og hlutverk

Nefndin er kosin á aðalfundi Lánasjóðsins og skal hún starfa í samræmi við samþykktir stjórnar og starfsreglur þessar og er hlutverk hennar eftirfarandi:

- a. Auglýsa eftir framboðum og setja tímafresti.
- b. Taka við og fara yfir framboð sem berast til stjórnarkjörs og kynna frambjóðendum þær kröfur sem gerðar eru til hæfis til stjórnarsetu.
- c. Stilla upp tillögu að stjórn og varastjórn fyrir aðal- eða hluthafafund og birta á heimasíðu Lánasjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi einni viku fyrir aðalfund.
- d. Gera tillögu um með hvaða hætti varamenn koma inn í forföllum aðalmanna.
- e. Leggja tillögu að stjórnarkjöri fyrir aðalfund/hluthafafund.
- f. Stjórna kosningu á aðalfundi/hluthafafundi komi til skriflegra kosninga um stjórn.
- g. Gera tillögu að fundarstjóra fyrir aðalfund/hluthafafund.

Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

### 2. Fundir

Formaður boðar fundi nefndarinnar. Einungis nefndarmenn eiga rétt til setu á fundum nefndarinnar. Haldin er einföld fundargerð/skrá um fundi.

### 3. Upplýsingaskyldur nefndarinnar

Tilnefningarnefnd leggur tillögu fyrir aðalfund og hefur ekki upplýsingaskyldu til sitjandi stjórnar um tillögur sínar. Hún skal þó upplýsa stjórn um þau mál sem hún kann að verða áskynja og getur varðað öryggi Lánasjóðsins eða mögulegt ólögmati framboða eða frambjóðenda.

### 4. Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni Lánasjóðsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn. Trúnaður helst þó nefndarmenn láti af störfum.

### 5. Endurskoðun starfsreglnanna

Stjórn Lánasjóðsins skal setja starfsreglur tilnefningarnefndar. Tilnefningarnefnd er heimilt að leggja til við stjórn breytingar á starfsreglunum ef þörf er á.

*Þannig samþykkt á stjórnarfundum þann 28. nóvember 2024.*

## Útgáfusaga

---

Lagt fyrir stjórnarfund	Samþykkt / Kynnt
28.11.2024	Samþykkt
21.11.2023	Samþykkt
25.05.2022	Samþykkt
26.05.2021	Samþykkt
23.09.2020	Samþykkt
29.10.2019	Samþykkt
26.09.2018	Samþykkt
24.10.2017	Samþykkt
01.11.2016	Samþykkt
24.03.2015	Samþykkt
07.03.2014	Samþykkt
29.01.2013	Samþykkt
22.02.2011	Samþykkt

---